Nr. 4.
18.
apríl.

# Auglýsing

um

## uppgjöf saka í tilefni af ríkistöku Hans hátignar Frederiks konungs hins Áttunda.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 29. f. m. í tilefni af ríkistöku Hans hátignar allramildilegast þóknazt að ákveða, að veitt skuli uppgjöf á sökum á Íslandi eptir því sem hjer segir:

Öllum þeim, sem við hina borgaralegu dómstóla eru nú sem stendur dæmdir fullnaðardómum eptir 23.—27. kapítula hinna almennu hegningarlaga að báðum þeim kapítulum meðtöldum, án þess að hafa afplánað hegninguna, og eigi hafa áður sætt fangelsishegningu eður hegningarvinnu, skulu gefnar upp sakir að öllu leyti, svo framarlega sem hin ídæmda hegning eigi fer fram úr fangelsishegningu.

Hið sama á og við í slíkum málum, sem skotið hefir verið til æðri rjettar aðeins af hálfu hins opinbera, svo að málsskotið fellur burtu, ef dómur í æðra rjetti er eigi þegar kveðinn upp í því. Hafi málsskot átt sjer stað eptir beiðni hins dæmda, er það undir honum komið, hvort hann vill að málsskotið falli burtu og að hegningin verði gefin honum upp samkvæmt framanskráðu, og ber þegar í stað að heimta yfirlýsingu hans þar að lútandi.

Ef mál þess eðlis, er hjer er um að ræða, eru undir rannsókn, sjer stjórnarráð Íslands um að málin verði þangað send og er stjórnarráðinu veitt heimild til að láta málin falla niður, ef hegning sú, er um getur verið að ræða, eigi virðist muni fara fram úr fangelsishegningu.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hjermeð almenningi.

**Í stjórnarráði Íslands 18. apríl 1906.**

***H. Hafstein.***

*Jón Magnússon.*

Nr. 4. Auglýsing 18. apríl um uppgjöf saka í tilefni af ríkistöku Hans hátignar Frederiks konungs hins Áttunda.

# Bekendtgørelse

Nr. 4.
18.
April.

om

## Eftergivelse af Straffe i Anledning af Hans Majestæt Kong Frederik den Ottendes Tronbestigelse.

Hans Majestæt Kongen har paa Ministeriets derom allerunderdanigst nedlagte Forestilling ved allerhøjeste Resolution af 29. f. M. i Anledning af Allerhøjstsammes Tronbestigelse bestemt, at der for Island skal finde Eftergivelse Sted af Straffe i Overensstemmelse med følgende:

For alle dem, der for Tiden ved borgerlige Domstole ere endelig dømte i Medfør af Straffelov for Islands Kapitler 23 til 27, begge inklusive, uden at have afsonet Straffen til Ende, og som ikke tidligere have været straffede med Fængsel, Tvangsarbejde eller Strafarbejde, eftergives Straffen fuldt ud, saafremt den ikke overstiger Fængselsstraf.

Disse Regler gælde ogsaa i Tilfælde, hvor Sagen er under Appel alene paa det offentliges Vegne, saaledes at Appellen bortfalder, hvis Dom i Overinstansen endnu ikke er afsagt. Har Appel fundet Sted efter Domfældtes Begæring, beror det paa denne, om han ønsker, at Appellen bortfalder og Straffen eftergives i Overensstemmelse med Foranstaaende, hvorom der straks bør afæskes ham Erklæring.

Med Hensyn til de Sager af fornævnte Beskaffenhed, der for Tiden ere under Undersøgelse, træffer Islands Ministerium Foranstaltning til, at disse blive indsendte og, for saa vidt det skønnes at Straffen ikke vil overstige Fængsel, bemyndiges Ministeriet til at frafalde Tiltale mod de paagældende.

Denne Bekendtgørelse træder straks i Kraft.

Hvilket herved bringes til almindelig Kundskab.

**Islands Ministerium, den 18. April 1906.**

***H. Hafstein.***

*Jón Magnússon.*

Nr 4. Bekendtgørelse af 18. April om Eftergivelse af Straffe i Anledning af Hans Majestæt Kong Frederik den Ottendes Tronbestigelse.